

Alþingi
Erindi nr. P 143/1628
komudagur 16.4.2014



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum (nefnd lögð niður, takmörkun tilkynningarskyldu). (392. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður og dregið verði úr tilkynningarskyldu vegna erlendra fjárfestinga. Viðskiptaráð telur brýnt að bæta umhverfi fjárfestinga hérlendis og að mati ráðsins eru þessar breytingar skref í rétta átt.

Jákvæð áhrif beinna erlendra fjárfestinga á atvinnulífið eru veruleg og flest ríki heims keppast við að laða slíkar fjárfestingar að með markvissum hætti. Margvíslegur ávinningur getur fylgt beinni erlendri fjárfestingu eins og Viðskiptaráð hefur bent á í málefnavarfi sínu.¹ Meðal veigamestu þáttanna má nefna aukið fjármagn til atvinnuuppbyggingar og þá auknu fjölbreytni í atvinnulífinu sem oft leiðir af beinum erlendum fjárfestingum. Þannig styður erlend fjárfesting við fjölgun starfa, auknar skatttekjur hins opinbera og bætt lífskjör. Þá fylgja slíkri fjárfestingu oft en ekki þekking og tengslanet þeirra sem leggja fram fé, sem getur skapað frekari viðskiptatækifæri fyrir móttökuríkið.

Í fjölda fræðigreina hefur verið sýnt fram á að þau lönd sem eru opin fyrir beinni erlendri fjárfestingu búi almennt við sterkari hagvöxt en hin sem loka landi sínu fyrir slíkum fjárfestingum. Eins og fram kom í flutningsræðu ráðherra á Alþingi ættu hin jákvæðu áhrif erlendra fjárfestinga á íslenskan efnahag og atvinnulíf að vera öllum ljós.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir er Ísland á meðal þeirra OECD þjóða sem setja hvað mestar hindranir á erlenda fjárfestingu.² Afleiðing þessa er sú að erlendar fjárfestingar hér á landi eru takmarkaðri og einhæfari en ella. Þannig hefur sú beina erlenda fjárfesting sem hefur átt sér stað á Íslandi síðustu áratugi að mestu einskorðast við orkufrekan iðnað á meðan aðrar atvinnugreinar njóta minni áhuga alþjóðlegra fjárfesta.

Hindranir á beina erlenda fjárfestingu á hinum Norðurlöndunum eru aftur á móti vel undir meðaltali OECD. Það sama á við um önnur ríki sem við berum okkur yfirleitt saman við og standa einungis Mexíkó, Japan og Nýja-Sjáland Íslandi að baki í þessum efnum. Af þessu er ljóst að auka þarf samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að erlendum fjárfestingum.

¹ http://www.vi.is/files/bein_erlend_fjarfesting_726476091.pdf

² <http://www.oecd.org/investment/fdiindex.htm>

Að mati Viðskiptaráðs eru breytingarnar sem koma fram í þessu frumvarpi skref í rétta átt. Við mat á áhættu og hagnaðarvon í tengslum við fjárfestingar skiptir stöðugt lagaumhverfi og fyrirsjáanleiki í framkvæmd miklu máli. Með því að draga úr þeirri tilkynningarskyldu sem lög nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri kveða á um og leggja niður nefnd um erlenda fjárfestingu er ferlið við fjárfestingar hérlendis einfaldað og gert bæði skýrara og fyrirsjáanlegra.

Tilkynningarskyldan sem hvílir á erlendum fjárfestum hefur ekki einungis reynst íþyngjandi fyrir fjárfesta og eftirlitsaðila heldur hefur hún einnig haft áhrif á einkunnir fyrir fjárfestingaumhverfi Íslands hjá stofnunum á borð við OECD. Þá hefur eftirlitsstofnun EFTA (ESA) komist að þeirri niðurstöðu að tilkynningarskyldan gangi gegn ákvæðum EES samningsins.³

Tilvist nefndar um erlenda fjárfestingu hefur einnig dregið úr samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að erlendum fjárfestingum. Það fyrirkomulag, að allar erlendar fjárfestingar séu bornar undir sérstaka þingskipaða nefnd, gefur til kynna tregðu til að heimila fjárfestingar erlendra aðila hér á landi auk þess sem matskennd og ógagnsæ stjórnsýsluframkvæmd hefur fælingaráhrif á fjárfesta. Verður það því strax til bóta að leggja niður umrædda nefnd.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru breytingarnar sem það kveður á um aðeins fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í innlendum atvinnurekstri. Samstaða virðist vera um það á Alþingi að mikilvægt sé að efla fjárfestingu í íslensku atvinnulífi en hægt hefur gengið að ná fram umbótum á þessu sviði.

Að mati Viðskiptaráðs eru margvísleg tækifæri til umbóta á lagaumhverfi erlendra fjárfestinga. Má til dæmis nefna að núverandi löggjöf um eignarhald erlendra aðila í sjávarútvegi og orkufyrirtækjum sníður fyrirtækjum mjög þröngan stakk hvað varðar aðkomu erlendra aðila að eigendahópi þeirra. Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi enda eru auðlindagreinarar hryggjarstykki innlendrar verðmætasköpunar og útflutnings hagkerfisins. Það er engu að síður full ástæða til að endurmeta núverandi fyrirkomulag með heildstæðum hætti í samræði við hagsmunaaðila. Kanna ætti möguleika þess að verja innlenda hagsmuni í ríkari mæli með ramma um nýtingu auðlinda fremur en takmörkunum á eignarhaldi, til að mynda í takt við það sem kemur fram í umsögn Samorku um frumvarp þetta.

Viðskiptaráð telur að í það minnsta megi aflétta banni við erlendu eignarhaldi á félögum sem eingöngu stunda vinnslu sjávarafurða hér á landi. Þannig má auka flæði fjármagns inn í landið og slíkum fjárfestingum kann að fylgja betri tækni eða ný verkþekking sem leiðir til aukinnar framleiðni. Með þessum hætti væri hægt að auka atvinnu- og verðmætasköpun í greininni.

Til viðbótar þessu er það mat Viðskiptaráðs að tímabært sé að endurskoða lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Flóknar reglur og endanlegt úrskurðarvald ráðherra hafa fælingaráhrif á fjárfesta og deila má um hvort eðlilegt sé að setja erlendum aðilum utan EES svæðisins svo þröngar skorður um fjárfestingu í fasteignum.

Að lokum gerir Viðskiptaráð athugasemd við heimild ráðherra til að stöðva fjárfestingar í ákveðnum tilfellum, sem kveðið er á um í 12. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi lögum þarf ráðherra að bera slíka ákvörðun undir nefnd um erlenda fjárfestingu, en nái frumvarp þetta fram að ganga verður ákvörðunin einungis háð mati ráðherra. Eins og áður sagði er mikilvægt að lagaumhverfi og stjórnsýsluframkvæmd séu skýr og fyrirsjáanleg. Matskennd lagaákvæði draga úr trausti á fjárfestingaumhverfinu.

³ Sjá rökstutt álit ESA dags. 12 febrúar 2014, ákvörðun nr. 54/14/COL.

Þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin um mögulegar breytingar eru einungis dæmi sem snúa að lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri en auka má samkeppnishæfi íslensks fjárfestingaumhverfis með ýmsum öðrum aðgerðum.

Nú eru tæp tvö ár liðin frá því að Alþingi ályktaði um stefnu um að efla fjárfestingu hérlendis og auka samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að beinni erlendri fjárfestingu. Þrátt fyrir það hafa enn ekki verið gerðar marktækar umbætur á umhverfi fjárfestinga. Í umsögn sinni um þingsályktunartillöguna gerði Viðskiptaráð athugasemd við það hversu tafsamt það ferli sem tillagan gerði ráð fyrir stefndi í að verða.⁴

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að gera það að forgangsverkefni að bæta lagaumhverfi fjárfestinga hérlendis og auka samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að beinni erlendri fjárfestingu.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands

⁴http://www.vi.is/files/385.%20m%C3%A1l%20beinar%20erlendar%20fi%C3%A1rfestingar_72317725_1.pdf